

ferðalög

Handahlaup í Oua

Eliza Reid ferðaðist um Vestur-Afríku í haust sem leið. Við lok síðasta kafla ferðasögunnar beið hún eftir því að langferðabifreið, sem var föst í foraði í Búrkiná Faso kæmist leiðar sinnar.

Ég hefði mátt vita að fyrst ég naut loftkælingar á langferð í fyrsta sinn, og fyrst ég tók bara eina vatnsflösku með mér en ekki tvær, hlutu einhver óhöpp að dynja yfir.

Morgunrútan frá Bobo-Dioulasso til Ouagadougou hafði ekið eftir djúpum hjólförum í forarsvað sem myndaðist eftir miklar rigningar. Hún festist þar og hallaðist iskryggilega um leið og við farþegarnir skröngluðumst út. Sólin var í hádegisstað og hitinn brakandi.

Almenningssamgöngur í þróunarlöndunum eru í raun eins og íslenskt lýsi fyrir líkama og sál. Maður veit af öllum kostunum; að kynnast heimamönnum og lífi þeirra og njóta landslagsins því sjaldnast þýtur það beinlínis framhjá á leiðinni. En það er ekki þar með sagt að þetta sé jafngott þegar það stendur yfir! Tafir eru segin saga og alltaf varð ég jafnhissa á því hve mörgum var hægt að koma fyrir í litlu plássi, einkum þegar troðfullir strigapokar og hvers kyns húsdýr bættust við. Auk þess virtist reglan vera sú að því heitara sem var í

veðri, því minni líkur voru til þess að farþegarnir vildu hafa gluggana opna. Rykið og andvarinn voru víst verri að þeirra mati en ferskt loft og þolanlegt hitastig.

Um leið og íbúar frá litlu þorpi í grenndinni hópuðust í kringum rútuna spjallaði ég við tvo ferðafélaga mína. Myndum við teffast hérna í nokkra klukkutíma eða jafnvel lengur? Ég bjóst orðið við hinu versta eins og málum var komið.

En svo tók einhver sig til og náði í skóflur. Margir buðust til að moka. Og ótrúlegt en satt; eftir aðeins 25 mínútna bið mjakaðist rútan upp úr moldarflaginu og við gátum haldið ferðinni áfram. Samvinnan hafði skil að árangri en ég fann til með farþegum næstu rútu sem myndi væntanlega falla í sama farið.

Leikur að læra

Áfangastaður minn var Ouagadougou, höfuðborg Búrkiná Faso. Þangað hafði mig langað að fara síðan ég komst að því fyrir mörgum árum að í fjarlægum landi í Afríku væri til borg með svo undursamlega hljómandi nafni (það er borið fram waga-



Vestur-Afríka

Búrkiná Faso

Fólksfjöldi: 13,9 milljónir
Höfuðborg: Ouagadougou
Opinber tunga: franska en flestir mæla á einhver hinna mörgu afrísku mála sem eru töluð í landinu
Trúarbrögð: múhamedstrú (50%), ýmis frumbyggjatrú (40%), kristni (10%)

Búrkiná Faso telst til fátækustu ríkja heimsins. Það er landlukt og

dúgú). Ekki var það þó eina ástæða þess að ég ætlaði að dveljast þar næstu fjóra daga. Mér hafði verið boðið að heimsækja barnaskóla í borginni, École Christ-Roi, sem holensk mannúðarsamtök reka.

Búrkiná Faso er með fátækustu löndum heimsins og menntakerfið er í molum. Kennararnir við École Christ-Roi fá aðeins 30.000 CFA (um 4.000 krónur) á mánuði í laun. Innan við fjórðungur landsmanna er læs. Meðalaldur er 49 ár og ómegð er mikil; konur eignast að jafnaði yfir sex börn.

þurrt loftslagið þýðir að uppskerubrestir eru allt of tíðir, einkum að því er varðar baðmull. Búrkiná Faso hlaut sjálfstæði árið 1960 og herinn rændi sex sinnum völdum áður en núverandi forseti, Blaise Compaoré, náði yfirráðum í landinu fyrir réttum 20 árum. Síðan hefur stjórnarfar verið stöðugt þótt mörgu sé vissulega enn ábótavant í þeim efnum. En ferðalangar geta hiklaust sótt landið heim.

Áður en ég lagði upp í ferðina höfðu margir sérstakar áhyggjur yfir því að ég skyldi ætla til Búrkiná. „Ég hef aldrei heyrt um þetta land,“ var viðkvæðið. „Er ekki hættulegt þarna?“ „Nei,“ svaraði ég þá. „Þetta er eitt öruggasta land Afríku. Þú hefur bara ekki heyrt um það af því að stýrjaldir og hungursneyð hafa ekki geisad þar en það er einkum fréttir af slíkum hörmungum sem berast okkur frá Afríku.“

Kennarinn Patrick Nitiema stofnaði École Christ-Roi. Patrick er 38


ára, brosmildur, blíðmæltur og hlær oft skemmtilega skrækt. Þegar ég frétti fyrst af þessum skóla óttaðist ég að kristilegt nafnið bæri með sér að meiningin væri að boða kristindóm í fátækrahverfum þar sem fólk hefði um annað og brýnna að hugsa en heilaga kenningu. Patrick fullvissaði mig hins vegar um að trúarbrögð væru alls ekki í fyrirrími í skólanum; hann hefði aðeins gefið skólanum þetta nafn vegna þess að hann er sjálfur kaþólskur þótt flestir íbúar Búrkiná séu annaðhvort múslimar eða trú í á stokka og steina.

Patrick beið stundvíslega við hótelið mitt klukkan sjö að morgni eins og við höfðum rætt um. Þá þegar var hitinn að minnsta kosti 30 gráður. Skólinn er í Yamtinga, einu fátækasta hverfi Ouagadougou, og við höldum þangað á skellinöðru, algengum fararskjóta þar í borg.

Skellinöðru fylla einnig hin víðu og ójöfnu stræti annarra borga í Vestur-Afríku. Fæstir hafa ráð á að eignast eigin bíl og þótt litlu mót-orhjólin séu ekki heldur á færi hvers og eins geta borgarþegar oft fengið þau lánuð eða leigð.

Enginn notaði hjálm og flestir sem ég talaði við töldu slíkt algeran óþarfa; það væru „allir hinir“ sem ækju óvarlega og tækju afleiðingunum. Smám saman vandist ég af því að grípa dauðahaldi um axlir öku-mannsins þegar við putum áfram og hélt þess í stað þéttingsfast í handfangið fyrir aftan sætið – en ekki láta móður mína vita af þessu!

École Christ-Roi er til húsa í lág-reistri byggingu úr ljóslitum múrsteinum sem var byggð til skólalandsins. Nú eru sex skólastofur þar og 208 nemendur í fyrsta til sjötta bekk. Líkt og annars staðar í Yamtinga er hvorki rafmagn né rennandi vatn í skólanum. Nemendur nota tvær holur á skólalóðinni til að ganga örna sinna og kona í nágrenninu kemur hvern dag með drykkjarvatn sem er



Kanada

... á eigin vegum
Flug og bíll
frá aðeins kr. 42.885

Heimsferðir bjóða frábær kjör á flugi og bíla-leigubíl í Kanada í sumar. Nú er rétta tækifærið til að leggja þetta stóra land að fótum sér. Ohætt er að segja að Kanada býður endalaus möguleika, hvort sem leitað er eftir náttúrufergum, stórborgum, verslun, mannlífi eða bara þeirri einstöku stemningu sem maður kynnist í þessu frábæra og margbreytilega landi. Grípu tækifærið núna og kynnstu öllu því sem þetta einstaka land hefur að bjóða.

Verð frá kr. 42.885 – í viku
Flugsæti til og frá Montreal með sköttum (fargjald B), m.v. hjón með 2 börn, 2-17 ára og bíla-leigubíl í A-flokki í viku. Neverð 4 mann.

Verð frá kr. 49.585 – í 2 vikur
Flugsæti til og frá Montreal með sköttum (fargjald B), m.v. hjón með 2 börn, 2-17 ára og bíla-leigubíl í A-flokki í 2 vikur. Neverð 4 mann.

Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið!



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Til hvers bloggar fólk?

Myndin af Dorian Gray

ÞJÓÐLÍFSPANKAR



Guðrún Guðlaugsdóttir

Blogg er orðið afskaplega útbreitt, varla er lengur neinn maður með mönnum nema hann bloggji. Stundum kíkir maður á brot úr þessari landsframléiðslu sem birt er í blöðum og sér þá að sannarlega sýnist sít hverjum um hin ýmsu mál. Það er svo sem gott og blessað og telst víst varla til fréttu. Hins vegar fór ég af þessu tilefni að velja fyrir mér af hverju fólk blogggaði. Ég sá um daginn haft eftir fræðikonu að blogg væri líklega einn angi af dagbókarskrifum. En það skýrir hreint ekki alla flóruna. Ég held nefnilega að menn bloggji af mjög ólíkum ástæðum.

Í fyrsta lagi virðast menn bloggga til þess að koma á framfæri fremur þurrlegum upplýsingum sem þeir telja að eigi erindi til fólks almennt.

Í öðru lagi blogggar fólk til að viðra persónulegar skoðanir sínar á mönnum og málefnum, ekki síst þjóðmálum.

Í þriðja lagi sýnist fólk bloggga stundum í einmanaleika, hafa fáa til að tala við og lítið að gera.

Í fjórða lagi er um að ræða persónulegt blogg, frásagnir af einka-

málum og líkast það blogg talsvert dagbókarskrifum.

Í fimmta lagi er svo bloggjið sem á að draga upp þá mynd af blogg-aranum sem hann vill sýna umheiminum.

Þessi flokkur bloggga hefur vak- ið sérstaka athygli mína og minnir mig einna helst á Dorian Gray. Árið 1891 sendi breski rithöfundurinn Oscar Wilde frá sér afar eftirminnilega skáldsögu um ungmennið Dorian Gray sem eltist ekki, fögur og síung mynd hans blasti við fólk, meðan málverk af honum tók í leyni við soranum – þeim tolli sem ólifnaður og illmennska hefði ella sett á andlit Dorian's sjálfs.

Í Dorian-blogginu er því reyndar öfugt farið, þar er í tölvuskrifum dregin upp fögur ytri umgjörð um persónuleika sem þegar betur er að gáð sýnist öllu ófölegri. Þegar verst gegnir nota blogggarar af þessari tegund bloggjið m.a. til að slá sig til riddara á þjáningum annarra, svo leggur næstum nálykt af.

Blogg getur án efa haft margar góðar afleiðingar. Með slíkum hætti má nálgast mál sem ekki er sagt frá annars staðar, fólk kemur með bloggji á framfæri gagnlegum upplýsingum, fær persónulega útrás fyrir tilfinningar sínar og nær á þennan hátt líka sambandi við annað fólk.

Með blogginu má ræða málin á fljótleigan hátt. Hið neikvæða er að í flýtinum lætur fólk kannski eitt og annað fljóta með sem betur væri

ekki sagt. Það felst líka í því ákveðin hætta að geta á þennan máta tjáð sig skriflega í æstu skapi, yfiríð glöður eða fokreiður – þá vill skorta á yfirvegun.

Fátt af þessu er þó neitt ógeðfellt, – stundum bara óþægilegt aflestrar. En þeir sem eru í ætt við Dorian Gray eru hins vegar ógeðfældir, í skrifum þeirra má greina undirtón ákvörðunar um að nota allt sem fyrir verður til þess að ná fram duldu tilgangi sem þjónar hagsmunum viðkomandi Dorian-bloggara.

Þetta bloggsamskiptaform er vafalaust komið til að vera og seinna mun ábyggilega verða sjálfsagt að því fylgi myndskreið, þar sem fólk getur tjáð sig með andlitsdráttum, sett upp merkissvip, vandlættingarsvip, sorgarsvip, píslarvættissvip, dómararsvip, meðaukmvunarsvip o.s.frv. En rétt eins og gerist með önnur mannleg samskipti, hvort sem þau eru augliti til auglitis, í gegnum bréf eða tölvuskrif, þá er hyggilegt að reikna með að persónurnar á bak við séu rétt eins og gerist í lífinu, – þar séu margir ágætir, aðrir ágætir inn við beinið – en geyma ekki höpnun þar sem flagð er undir fögru skinni og mæðarlegum skrifum.

Seinna kemur ugglaustr að því að bloggskrifin verði skoðuð með fræðimannsaðferðum og út frá samfélagslegu sjónarmiði. Þau geyma án efa mjög víðáttumikla og sannferðuga lýsingu á íslensku fólki nú um stundir, bæði eins og það er – og líka eins og það vill vera.

gadougou



Ljósmyndir/Eliza

Gjafir Nemendur við École Christ-Roi sýna penna og sætindi, sem ég færði þeim. Börnin voru alvarleg á svip þegar myndavélin var dregin fram, en fylltust lífi um leið og ég stakk henni niður.

NÁMSKEIÐ

Að skrifa samkeppnishæfa umsókn í 7. rannsóknáætlun ESB

Þriðjudaginn 3. apríl kl. 9:00-15:30 í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofu 101



Námskeið fyrir væntanlega þátttakendur í 7. rannsóknáætlun Evrópusambandsins 2007-2013

Dagskrá:

- Yfirlit yfir 7. rannsóknáætlun ESB
- Markmið áætlunarinnar og bakgrunnur
- Undirsvið 7. rannsóknáætlunar ESB
- Tegundir verkefnastyrkja
- Hlutverk evrópskra tæknivettvanga (Technology Platforms)
- Grunnrannsóknir í 7. rannsóknáætlun ESB
- Samkeppnis- og nýsköpunaráætlun ESB
- Þín stefnumörkun fyrir 7. rannsóknáætlun ESB

Leiðbeinandi á námskeiðinu verður *Dr. Sean McCarthy frá Hyperion Ltd.*, eftirsóttur ráðgjafi sem unnið hefur fyrir marga af helstu háskólum Evrópu, rannsóknastofnanir og fyrirtæki á sviði rannsókna.

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Þáttökugjald er kr. 25.000. Innifalinn eru námskeiðsgögn og veitingar.

Frestur til að skrá sig er til kl. 15:00, mánudaginn 2. apríl 2007. Skráning fer fram hjá rannis@rannis.is og í síma 515 5800.



Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is



AUGLÝSINGAÐEILD

netfang: augl@mbl.is, sími 569 1111

geymt í miklum kerum í hverri skólaflokk. Skyggni úr pálmalaufum veitir skjól gegn sólinni en það þarf að byggja upp á nýtt eftir hvert regntímabil og mangótré, sem voru gróðursett á sínum tíma, vaxa hratt og munu senn koma að sama gagni.

Í hvert skipti sem ég gekk inn í eina af skólaflokkunum stóðu nemend-

urnir upp allir sem einn og ávörpuðu mig í kór, Bonjour, madame. Þegar ég gaf þeim penna sem ég hafði tekið með mér hneigðu þeir sig og sögðu mérçi. Einn bekkurinn var að læra nöfn fylkisborganna í Búrkiná Faso og voru þau öll skrifuð með fullkomnum skrifstöfum á kítartöflunni. Mikill hörgull er á kennslubókum;

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Öflugt gasgrill
Frábært verð



24.900

OPNUNARTILBOD

Afköst: 16,5kw/h
56.000 BTU
3 brennarar úr pottjárni
Grillgrindur úr pottjárni
Grillflötur: 64x49cm,
Hitamælir

LANDMANN

Askalind 4, Kóp - Sími 554-0400

HRAÐFERÐ Í STÆRÐFRÆÐI OG EÐLISFRÆÐI



Vantar þig undirbúning í stærðfræði og eðlisfræði fyrir háskólanám?

Námskeið í stærðfræði og eðlisfræði fyrir nemendur með stúdentspróf hefjast 11. apríl og lýkur 15. júní.

Kennsla hefst 8:15 og lýkur 14:35 (15:35)
Próf 18. - 22. júní.

Stærðfræði algebra: 90 kennslustundir
Stærðfræði rúmfræði: 90 kennslustundir
Eðlisfræði: 90 kennslustundir

Umsóknarfrestur er til 3. apríl.

Allar nánari upplýsingar veita:

Málfríður Þórarinsdóttir s. 599 6438, malfrid@ru.is
Snjólaug Steinarsdóttir s. 599 6463, snjolaug@ru.is
Valdís Ösp Árnadóttir s. 599 6345, valdis@ru.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

ferðalög



Tilbúin fyrir nærmynd Tveir nemendur stilla sér upp í frímínúttum. Stúlk-
an til vinstri er með hárgreiðslu, sem er vinsæl hjá stúlkubörnum.



Starfsliðið Kennararnir við École Christ-Roi. Patrick Nitiema skólustjóri er annar frá hægri. Hver kennari ber
ábyrgð á einum árgangi. Mánaðarlaun þeirra eru um fjögur þúsund krónur.

kennarinn hefur eina fyrir hvern bekk og skrifar svo upp úr henni á töfluna.

Í efsta bekknum voru aðeins sex nemendur – sem réðst líklega af því að þegar krakkarnir eldast láta foreldrarinn þá frekar í vinnu en skóla. Ég spurði hvert þeirra hvað þau vildu gera þegar þau yrðu stór. Svörin voru hvert á sinn hátt: lækni, viðskiptajöfurr, prestur, lögreglumaður og eina stelpa í bekknum sagðist vilja verða blaðakona. Hvert þeirra átti sér því sína æskudrauma og ég vonaði að þau fengju tækifæri til að láta þá ræstast.

Síðar þennan sama dag rölti ég eftir slóða við skólann og sá lítinn strák á gangi. Hann var örugglega ekki orðinn tíu ára, í óhræinum brúnum stuttbuxum og fráhneptri skyrtu, skærbleikri. Allt í einu fór hann á handahlaupum – algerlega upp úr þurru eftir því sem ég gat best séð – og hélt svo glaður leiðar sinnar.

Það er alltaf von.

Kvöldverður í Bogodogo

Við holóttan moldarstíg í Bogodogo, einu hverfa Ouagadougou, er heimili Sandaogos Kaboré. Kaboré er næstráðandi bæjarstjórans í Bogodogo og býr með fjölskyldu sinni í næstu götu við bróður sinn, Moog-Naaba Baogho II. Sá er nokkurs konar höfðingi í þessum hluta Bogodogo, leiðtogi íbúanna með vald til að miðla málum í hvers kyns erjum þeirra. Hann játar kápólska trú og á þrjár eiginkonur og tíu börn.

Sandaogo Kaboré er glaðlyndur maður og mun yngri í útliti en árin hans 45 gefa til kynna. Hann hefur verið kvæntur konu sinni í hartnær 20 ár og þau eiga sjö börn. Þau búa í gráu mürsteinshúsi eins og aðrir í Bogodogo og njóta hvorki rafmagns né



Ábyrgð Sandaogo Kaboré við skrifborð sitt á skrifstofu borgarstjórans í Bogodogo. Fáni Búrkínna Faso stendur á vinstri hönd og á borðinu liggja opinber gögn, sem hann sýndi mér stoltur og báru vitni þeirri ábyrgð, sem fylgir stöðu hans.

rennandi vatns. Húsbúnaðurinn í stofu þeirra staðfesti aftur á móti að hann var sáemilega háttsettur í samfélaginu; þarna voru þrjú velúrsofar frá Gana, standklukka með mynd af bæjarstjórnunum og mikilfengleg innrömmuð mynd af hundum að spila biljarð.

Ég hafði glaðst við en ekki orðið svo hissa þegar Kaboré bauð okkur Patrick í mat ásamt bróður sínum höfðingjanum. Þótt flestir sem ég hitti á ferðalaginu öllu hefðu úr afar litlu að spila naut ég stöðugt einlegrar gestrisni og gjafmildi sem yljadi mér um hjartarætur. Stundum velti ég því fyrir mér hvort ég byggði að því að vera kona ein á ferð en ég held að viðmótið hafi frekar ráðist af því að ég var gestur sem var langt að kominn og það sama gildi um alla gesti, konur og karla, í hópi eða ein síns liðs; móttökurnar skyldu vera höfðinglegar.

Thérese, eiginkona Kaborés, eldaði fyrir okkur tó sem svipar til þykkar

Það kom á daginn að þetta voru málaárið og bílstjórnin var að semja við þá um þóknun fyrir að fylgja okkur á leiðis og vernda gegn stigamönnum sem gætu gert okkur fyrirását á leiðinni fram undan.

pólentu, með kjótsósu og grilluðum kjúklingabítum. Maturinn bragðaðist sérlega vel og með honum sötruðum við Castel-bjór sem er bruggaður í borginni. Þar að auki gæddum við okkur á sætu freyðivíni sem Kaboré bar á borð með tillífrum þegar við tókum til matar okkar.

Síðvenjum var fram haldið þegar borðhaldið lauk og við vorum búin að þrifa hendur okkar. Moog-Naaba Baogho II færði mér baðmullarábreiðu sem var vafin inn í fjólubláan gjafapappír og ég endurgalt gjöfina með

Mennt er máttur

Aðeins þriðja hvert barn sækir skóla í Búrkína Faso, einkum þau sem búa í Ouagadougou og öðru þéttbýli. Þegar börn vaxa úr grasi fara þau gjarnan að vinna á ökrum eða heima við og þar að auki hafa foreldrar sjaldnast ráð á að borga fyrir námsbækur eða nauðsynleg námsgögn. Rétt um 1% barna gengur svo í framhaldsskóla.

Í orði kveðnu eru skólagjöld við École Christ-Roi en hollensku samtökin, sem styðja rekstur skólans, safna fé til að standa straum af þeim. Kostnaður við einn nemanda á ári nemur um hundrað evrum (8.800 krónum). Skólagjöldin eru 30 evrum og hinar 70 eru fyrir námsgögn, skólatösku, skóm og hlutdeild í launum kennara.

Hollensku samtökin safna nú fé til að kaupa fleiri námsbækur, koma fyrir fleiri útikömrum, betrubæta leiksvæði við skólann, múra skólahúsið og mála það að innan og utan. Þeir sem óska frekari upplýsinga geta haft samband við Mieke Rietveld, forseta Stichting École Christ-Roi (g-m.rietveld@wxs.nl).

því að afhenda honum einn hinna fátæklegu minjagripa sem mér hafði tekist að troða í bakpokann til vonar og vara; lítinn postulínsplatta með mynd af lunda.

Kaboré hélt síðan stutta en hrifandi ræðu, kvaðst vona að vinátta okkar myndi endast og þakkaði mér fyrir aðstoðina við að halda á lofti því góða verki sem fram færi í École Christ-Roi. „Fólk eins og þú kemur að líði, ekki vegna þess að þið hafið tók á því heldur vegna þess að þið teljið að fólk eigi að hjálpast að í lífinu,“ sagði hann á frönsku. Þakkar mínar voru ekki nærri eins vel orðaðar.

Krókaleið til Benín

Næst lá leið mín til Benín. Rútuferðin frá Ouagadougou til Cotonou er 1.100 kílómetra löng og tekur um 20 klukkustundir. Cotonou, sem liggur við strandlengjuna, er stærsta borg landsins og höfuðstaður í raun. Banaslys á leiðinni eru miklu algengari eftir sólsetur svo ég bjó til ferðalagsáætlun sem ég taldi víst að gæti ekki misheppnast. Að morgni myndi ég halda til Natiningou, stórs bæjar í norðurhluta Benín, gista þar um nóttina og halda ferðinni síðan áfram morguninn eftir; alltaf í björtu.

Ég hringdi á umferðarmjóstöðina og pantaði far til Natiningou. Ég var kominn á stöðina klukkan sex um morguninn og náði í miðann til Natiningou sem ég hafði tekið frá. Ég kom bakpokanum mínum fyrir í geymsluhólfi rúttunnar og starfsmaður merkti hann kyrflega með límbandi fyrir ferð til Natiningou. Við dyr rúttunnar sýndi ég miða minn til – jú, mikið rétt, Natiningou – og aftur við upphaf ferðarinnar þegar starfsmaður athugaði miða okkar farþeganna.

Það má því rétt geta sér þess til að ég brást hvumsa við þegar við höfðum ekið í tvo og hálfan tíma og bílstjórnin tilkynnti sisona að hann ætlaði til Tógó, næsta lands vestan við Benín!

Ég var ekki sú eina í rúttunni á leið til Benín (þótt engir aðrir ætluðu reyndar til norðurhluta landsins). Ferðafélagarnir voru flestir kaupmenn og yrðu nú að greiða enn frekari mútur en ella fyrst þeir þyrftu að fara um tvenn landamæri. Þeir voru vægast sagt óánægðir út af þessari óvæntu breytingu.

Nýja leiðin lá suður frá Ouagadougou til Tógó og langleiðina eftir því mjóa landi til höfuðborgarinnar Lomé (aftur um 1.100 kílómetra vegalengd). Síðan yrði haldið áfram í hér um bil þrjú klukkutíma austur til Benín og Cotonou og loks, eins og bílstjórnin fullvissaði mig um, „munum við halda norður á bóginn [um 800 kílómetra!] og koma þér á áfangastað“. Ég átti einskis annars kost en

að halda áfram til Lomé.

Um hálf-sexleytið tók sólin að hníga til víðar og húm færðist óðum yfir. Í ljósaskiptunum lýstu geislar sólarinnar upp fallleg og hæðótt landslagið í norðurhluta Tógó. Hingað til hafði ég nýtt mér almenningssamgöngur í trausti þess að ef öku- maðurinn dottaði við stýrið eða æki yfir asna myndum við í mesta lagi renna út á næsta akur. En hér stóðu gild tré við tré og vegurinn hlykkj-aðist upp og niður hóla og hæðir, með snörpum beygjum til hægri og vinstri. Ég beið og vonaði að jafnslétta tæki á ný við áður en aln-iðamyrkur skylli á.

Tveimur tímum síðar var svo komið að við höfðum tekið stutt kvöldmat-arhlé (sardínur úr dós ofan á bagettu fyrir mína parta) en stöðvudum á ný þar sem þrjú ungmenni stóðu við vegarkantinn. Það kom á daginn að þetta voru málaárið og bílstjórnin var að semja við þá um þóknun fyrir að fylgja okkur á leiðis og vernda gegn stigamönnum sem gætu gert okkur fyrirását á leiðinni fram undan.

Svo tók ég eftir hríðskotabýssunum sem þessir krakkar höfðu á öxlum sér.

Samkomulag náðist ekki um sanngjarna þóknun og rútan ók af stað án þeirra. Ég hafði vart tíma til að hugleiða hvort það var ógnvænlegt eða ekki áður en mun raunverulegri hættu laust niður í hugann: Bílstjórnin hlaut að vera orðinn örmagna af þreytu.

Fyrir utan tvö 15 mínútna matarstopp og bið við landamærin hafði hann verið stanslaust undir stýri frá klukkan sjö um morguninn. Gengi allt eftir áætlun yrðum við komin til Cotonou klukkan fjögur um nóttina og allir voru þegar í fastasvefni í myrkrinu. Ég sat stjörfa í sæti mínu og sendi bílstjórnunum þau hugskeyti að fyrst ég gæti vakað þá gæti hann það líka.

Um leið og við ökuum áfram í svartnættinu sá ég fram á hin og þessi ósköp í huganum? Myndu ræningjar sitja fyrir okkur? Myndi ég lenda verst í því, eina mannskjan frá Vesturlöndum? Eða myndi bílstjórnin ekki geta haldið augunum opnum lengur þannig að við húrúðum út af veginum?

Mínúturnar liðu.

eliza@elizareid.com

Eliza Reid ferðaðist ein síns liðs um sjö lönd í Vestur-Afríku í október og nóvember á liðnu ári. Þetta er þriðji hluti ferðasögu hennar og sagan heldur áfram næstu tvo sunnudaga. <http://mbl.is/go/8hpsw> er slóðin á fyrstu greinina og <http://mbl.is/go/y3ma6> slóðin á aðra greinina.

Umsóknir um styrki

Endurgerð heimtraða

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir umsóknum um styrki til endurgerðar þeirra heimtraða, sem eru með áhvilandi kvöðum um umferðarrétt annarra.

Styrkjunum er ætlað að hvetja lóðarhafa til að sinna endurbótum á slitlagi á heimtröðum í einkaeign, en þeir ná ekki til stofnframkvæmda eða bílastæða.

Umsóknareyðublöð og reglur um styrki má nálgast á vef Framkvæmdasviðs, www.reykjavik.is/fs/umsoknir eða í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2.

Umsóknir sendist á netfangið fs@reykjavik.is eða í þjónustuver Framkvæmdasviðs í síðasta lagi **miðvikudaginn 18.apríl 2007**. Þjónustuverið er opið alla virka daga frá 8:20 til 16:15.

Ákvörðun um styrkveitingar liggur fyrir innan 2 mánaða frá lokum umsóknarfrests og fá allir umsækjendur bréf um niðurstöður umsóknar.

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs

